

# Vatnajökulsþjóðgarður (stjórnfyrirkomulag, verndaráætlun, leyfisveitingar)

## Umsagnabeiðnir nr. 9532

Frá umhverfis- og samgöngunefnd. Sendar út 04.05.2016, frestur til 18.05.2016

Ég tek undir athugasemdir sem Samút sendi inn og vil jafnframt árétta eftirfarandi atriði:

1.

Tekið verði fram í lögum að áheyrnarfulltrúi útivistarfélaga sé með umræðu- og tillögurétt, af gefnu tilefni er þetta mjög mikilvægt. Sú hefð hefur skapast í VJP að áheyrnarfulltrúi hafi tillögurétt og málfrelsi. Þó hefur komið upp tilvik þar sem reynt hefur verið að koma í veg fyrir að tillaga borin upp af áheyrnarfulltrúa verði tekin til umfjöllunar á grundvelli þess að einungis sé um ræða áheyrnaraðild. Engin trygging er fyrir því að það verði ekki reynt aftur og með vilja stjórnar er hægt að breyta þessum hefðum. Eðlilegast væri að fulltrúi útivistarfélaga hefði fulla aðild að stjórn eins og fulltrúi náttúruverndarsamtaka. Ástæða sem gefin hefur verið fyrir þessu misræmi er valdajafnvægi í stjórn þar sem sveitarfélögin krefjast meirihluta. Ég legg til að þeirri kröfu verði hafnað og fulltrúi útivistarfélaga fái fulla aðild að stjórninni.

2.

Ákvæðum í 15. gr. um akstur utan vega verði sleppt eða þau færð til samræmis við nýju Náttúruverndarlögin. Mikill munur er á milli þessara laga hvað varðar ákvæði um akstur utan vega. Í lögum um VJP eru ákvæðin með neikvæðri nálgun, þ.e. að akstur á snjó er bannaður nema þar sem hann er sérstaklega leyfður í Stjórnunar og verndaráætlun. Í Náttúruverndarlögum er akstur leyfður á snjó nema á stöðum þar sem hann er bannaður af einhverjum sérstökum ástæðum. Í lögum um VJP eru auk þess ekki undanþáguákvæði um leyfi til aksturs utan vega eins og er í Náttúruverndarlögum. Í VJP eru undanþágurnar settar í Stjórnunar og verndaráætlun. Undanþáguákvæðin í Náttúruverndarlögum eru með íþyngjandi skráningarskyldu. Engin krafa er gerð um slíka skráningu í Stjórnunar og Verndaráætlun VJP. Að öllu óbreyttu verður því minna eftirlit með „löglegum“ akstri utan vega innan VJP heldur en utan hans. Ákvæðið í lögum um VJP er gamalt og í ljósi nýju Náttúruverndarlaganna er það alveg úr takti við tímann. Að mínu mati yrði það mikið slys ef þetta ákvæði verður óbreytt.

Í núgildandi lögum um VJP eru eftirfarandi setningar og ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim í frumvarpinu:

„Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulsþjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og á leyfðum vetraraksturssvæðum, sbr. 3. mgr., svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin. Í reglugerð er heimilt að banna akstur vélknúinna ökutækja á einstökum svæðum á Vatnajökli allt árið um kring eða á tilteknum tímum ársins.

Í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð skal gerð sérstök grein fyrir öllum vegum sem heimilt er að aka innan þjóðgarðsins. Enn fremur skal skilgreina þau svæði þar sem

heimilt er að aka að vetri á snjó eða frosinni jörð og hvaða skilyrðum slíkur akstur er bundinn.”

Ég legg til að framangreindar setningar verði svona:

„Í reglugerð er heimilt að banna eða setja sérstök skilyrði um akstur vélknúinna ökutækja á einstökum svæðum á Vatnajökli allt árið um kring eða á tilteknum tímum ársins.

Í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð skal gerð sérstök grein fyrir öllum vegum sem heimilt er að aka innan þjóðgarðsins.”

Í stað þeirra setninga sem falla út gilda þá sjálfkrafa lög um náttúruvernd. Einnig mætti bæta við eftirfarandi setningu: „Að öðru leyti gilda ákvæði náttúruverndarlaga um akstur vélknúinna tækja í Vatnajökulspjóðgarði.“

3.

Ákvæði í 14. gr. um bann við lendingu loftfara án sérstaks leyfis frá þjóðgarsverði verði endurskoðað. Þarna sjáum við dæmi um að tekið er á tiltölulega staðbundnu vandamáli (í þessu tilviki vegna þyrluumferðar við fjölfarna ferðamannastaði) með því að setja inn ákvæði sem bannar fyrirbærið í öllum þjóðgarðinum (lendingu loftfara á fáförnustu stöðum). Ég legg til að ákvæðið verði fellt út eða því breytt þannig að heimilt verði að banna landingar loftfara á stöðum þar sem þær valda ónæði eða skaða á náttúrunni.

4.

Í 14 gr. e. lið er þjóðgarðsverði veitt heimild til að loka fyrirvaralaust þjóðgarðinum eða svæðum innan hans. Að mínu mati er óeðlilegt að þjóðgarðsverði sé veitt vald til að loka fyrirvaralaust svæðum sem skulu vera opin samkvæmt verndaráætlun, án samráðs við viðkomandi svæðisráð.

5.

Mikilvægt er að svæðisráð geti farið fram á opnun stjórnar og verndaráætlunar en ekki einungis stjórn eins og nú er gert ráð fyrir. Hingað til hefur Stjórnun og verndaráætlun einungis verið opnuð í tengslum við stækkanir á þjóðgarðinum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu þannig nú verði gerðir viðaukar við Stjórn og verndaráætlunina vegna stækkana. Það gefur stjórn færi á að loka fyrir lagfæringar á Stjórn og verndaráætluninni í allt að 10 ár ef stjórnin er á móti þeim. Heimild til að svæðisráð geti farið fram á endurskoðun tiltekinna ákvæða í Stjórnun og verndaráætluninni væri þannig ákveðinn varnagli.

Nú er til umræðu að stofna Miðhálandisþjóðgarð og mikilvægt er að góð samstaða og víðtækur stuðningur verði verði um það. Mikilvæg forsenda fyrir stuðningi frá útivistarfólki er að lagarammi kringum slíkan þjóðgarð verði ásættanlegur og ég tel að Lög um Vatnajökulspjóðgarð geti verið góður grunnur að þeim ef vel tekst til með þær breytingar sem nú er verið að gera.

Reykjavík 18.05.2016

Snorri Ingimarsson

Áheyrnarfulltrúi Samtaka útivistarfélaga í stjórn VJP.